

Leiðsögn – félag leiðsögumanna

Stjórnarfundur 14. júní 2024 kl. 17:07. Fundurinn er fjarfundur.

Fundinn sitja:

Halldór Kolbeins Formaður (HK), Hildur Pöll Ágústsdóttir (HPÁ), Björn Júlíus Grímsson (BJG), Guðný Margrét Emilssdóttir (GME), Guðbjörn Guðbjörnsson (GG), Óskar Grímur Kristinsson (ÓGK), Daði Hrólfsen (DH).

Dagskrá

- 1.Trúnaðarmál varðandi atvik á síðasta ári
- 2.Námskrá Leiðsöguskólans tilbúin til yfirlstrar.
- 3.Útgáfa /hönnun félagsskírteinis
- 4.Starfslokasamningu við starfsmann
- 5.Ósk um gerð könnunar meðal leiðsögumanna um viðhorf gagnvart vindmyllum
- 6.Önnur mál

Halldór ber upp tillögu um að HPÁ sjái um fundarritun. Samþykkt nema GME á móti.

1. Trúnaðarmál - eftrirmáli atviks sem átti sér stað á Hótel Örk á síðasta ári.

Formaður hafði farið fram á frekari upplýsingar um málið en hefur ekki fengið ennþá fengið fullnægjandi upplýsingar. Leggur til að málið verði tekið upp á næsta stjórnarfund, sem boðaður verður miðvikudaginn 19. júní kl. 20:00.

2. Námskrá Leiðsöguskólans

Námskrá Leiðsöguskólans er tilbúin til yfirlstrar en þar sem þau mistök áttu sér stað að varamenn fengu gögnin ekki send er nánari umfjöllun vísað til næsta fundar.

Rætt var um hvernig svara ætti Leiðsöguskólanum, hvort biða ætti eftir svari frá Hauki í Hæfnissetri atvinnulífsins.

Samþykkt að fá Kristínu hjá Leiðsöguskólanum til að kynna breytingarnar á námsskránni.

3. Útgáfa/hönnun félagsskírteinis

Formaður leggur til að tíminn fram að næsta fundi verður notaður til að móta útlit, leita tilboða í prentun og forma hvernig mynd og upplýsingum verður safnað.

Niðurstaða: Samþykkt og ÓGK var falið að afla gagna í málinu og það tekið upp á áli næsta stjórnarfund.

4. Starfslokasamningur við starfsmann

Samkvæmt undirituðum samingi við starfsmann Leiðsagnar á hann rétt á launum til loka ágústmánaðar 2024. Ráða um starfslok var leitað hjá VR og starfsmaður verður upplýstur um stöðu sína en formaður mun tilkynna starfsmanni um starfslok.

Niðurstaða: Samþykkt og málið tekið upp á næsta stjórnarfund.

5. Ósk um að fá að gera skoðanakönnun um viðhorf leiðsögumanna til uppsetningar á vindmyllum

Bréf barst frá Edita Tverijonaite, nýdoktor hjá Land- og ferðamálafræðistofu Háskóla Íslands, um að fá að senda leiðsögmönnum könnun um viðhorf þeirra til virkjunar vindorku í landinu. Stjórnarmenn áréttuðu að gaumgæfa þyrfti vel samþykkt um stjórnar um aðgang að félagsmönnum til að taka þátt könnunum. Niðurstaða: Samþykkt að taka þátt og skrifstofu falið að senda til félagsmanna gögn vegna könnunarinnar.

6. Önnur mál

a) Fundargerðir

HK tekur upp það mál að rétt form þurfi að vera á fundargerðum og þær þurfi að vera málefnalegar. Fundargerð skal vera hnitmiðuð og ef um bókanir er að ræða, þá skal setja þær sem minnisblað sem fylgir. Fundargerðir fram til þessa hafa ekki verið af þessari formgerð og stjórn telur þær ómarkvissar og langdregnar.

DH ber upp tillögu og bókun um að skift verði um ritara stjórnar Leiðsagnar.

Samkvæmt lögum er leyfilegt að taka mál sem þetta þótt það sé ekki á dagskrá fundar ef fundarmenn samþykkja. Fundargerðir verði yfirfarnar og birtar á vefnum eftir að stjórnarmenn hafi samþykkt þær. GME sagðist mótfallin úrvinnslu á fundargerðum sem hún hefur ritað.

Tillaga borin upp um að Björn Júlíus Grímsson taki við stöðu ritara. Samþykkt utan GME sem er ósammála.

b) Atvinnurekendur sem ekki vilja ráða innlenda leiðsögumenn

ÓGK vill að athugað sé hvert leiðsögumenn geti leitað ef/þegar þeir missa vinnu. GG tekur undir þetta.

HK ber upp tillögu um að safnað verði saman upplýsingum um þær ferðaskrifstofur / fyrirtæki sem nota eingöngu erlenda leiðsögumenn/hópstjóra í leiðsögðum ferðum um Ísland. Atvinnurekendur sem ekki viljanota íslenska og erlenda leiðsögumenn sem búa á Íslandi af því að þeir séu svo dýrir og ráða þess í stað fólk sem vinnur fyrir neðan lágmarkslaun og þjófí; fólk sem borgar ekki heldur skatta og skyldur á Íslandi. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:18